

# STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1983

---

---

Nr. 61

114

20. júlí 1983

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 20. júlí 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 62

29. júlí 1983

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að til að efla traust á íslenska gjaldmiðlinum, eyða mismunun við sölu erlends gjaldeyris og koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti með gjaldeyri, og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga í gjaldeyrismálum, beri brýna nauðsyn til að afnema álag á ferðagjaldeyri.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar svohljóðandi:

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980 um álag á ferðagjaldeyri falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Þór Vilhjálmsson.**

*Albert Guðmundsson.*

---

Stjórnartíðindi A 14, nr. 61—62. Útgáfudagur 29. júlí 1983.